


Kennaraháskóli Íslands

Kennari: Hróbjartur Árnason

Fullorðinsfræðsla

Undirbúningur fyrir fullorðna námsmenn



Reykjavík 30.04 '07

Ester Þorsteinsdóttir

Efnisyfirlit

INNGANGUR -----	3
EIGINLEIKAR FULLORÐINA NÁMSMANNA -----	3
FORSENDUR FULLORÐINS AÐILA SEM HELDUR Í NÁM -----	4
LEIÐBEINANDINN -----	5
UNDIRBÚNINGSNÁMSKEIÐ -----	5
NÁMSFLOKKAR REYKJAVÍKUR -----	6
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS -----	7
<i>Grunnmenntaskólinn</i> -----	8
<i>MFA-skólinn</i> -----	8
<i>Aftur í nám</i> -----	9
ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS -----	9
KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS -----	9
LOKAORÐ -----	10
HEIMILDASKRÁ -----	12

Inngangur

Ég tel mig vera eina af þessum fullorðnu námsmönnum sem áttu erfitt með að byrja aftur í námi. Mér gekk ekki vel í grunnskóla og var oft að spyrja sjálfa mig hvað ég ætlaði mér að verða þegar ég yrði stór. Stærðfræðin var mér erfið og eftir að hafa farið í gegnum fyrsta áfanga hennar fjórum sinnum án árangurs endaði ég á vinnumarkaðinum 20 ára gömul. En þörfin fyrir að læra og verða eitthvað var mikil hjá mér og ég kynnti mér nám hjá Viðskipta og tölvuskólanum. Mér til mikilla ánægju var lítið farið í stærðfræði svo það var ekkert annað fyrir mér en að byrja. Mér gekk mjög vel og fjórum árum síðar kom námsþörfin á ný. Það var prentsmíði við Iðnskólann í Reykjavík sem kallaði á mig. En þegar ég sá að ekki væri komist hjá því að taka stærðfræðina hugsaði ég mig um. Þörfin og sjálfsálitið til að standa mig sem best skipti mig miklu máli og ég átti ósköp erfitt með að skrá mig í nám og standa mig svo ekki í því. Þá var mér hugsað til Námsflokka Reykjavíkur en þar hafði ég áður glímt við stærðfræðina og ákvað að gera eina tilraun enn. Ef ég myndi standa mig vel gæti ég allt og gæti hafði nám við Iðnskólann. Ég sinnti þessum áfanga mjög vel, samviskusamlega og var dugleg að læra en það var ekki til staðar hjá mér á unglingsárunum. Ég náði áfanganum með einkunnina 8 og hóf námið sem kallaði á mig með bros á vör og full af sjálfstrausti.

Þegar ég hóf þessa ritgerð þá rifjaðist upp mín reynsla og ákvað ég því að finna svör við því hvort fullorðin námsmaður þarf einhvern grunnundirbúning áður en farið er aftur í nám. Ég hef sjálf verið fullorðin námsmaður og í tengslum við þá en móðir mín dreif sig í nám og held ég að hún og fleiri af hennar samnemendum hefðu verið betur að vígi ef þau hefðu sótt undirbúningsnámskeið. Í því fjarnámi sem ég stunda núna tel ég að margir samnemendur og þá tek ég sjálfa mig þar inni, hefðu haft þörf á undirbúningsnámskeiði. Einnig mun ég athuga hvort það sé mikið um framboð á slíkum námskeiðum.

Eiginleikar fullorðna námsmanna

Hvað er fullorðin námsmaður? Er það námsmaður sem er komin yfir einhvern ákveðin aldur og ef svo er þá hvaða aldur er verið að miða við? Þessi sem er fermdur eða sá sem má lölega kaupa sér tóbak eða áfengi? Ég held að helsti munur á fullorðnum námsmanni og barni sé lífsreynsla og þáttaka en hún er skylda hjá barninu en sjálfvalin þörf hjá hinum fullorðna. Barnið er háð forráðamönnum og ekki komin með það mikið og öflugt sjálfstæði fyrir að vera í námi, lítur á það sem skyldu sem það er jú í byrjun en þegar framhaldsskólanám tekur við er það svo oft vegna kröfu annarra.

Bandaríkjamaðurinn Malcom Knowles hefur sett fram sex grundvallaratriði um nám fullorðina sem byggjast á ýmsum rannsóknum og hugmyndum sem þeir hafa unnið úr. Sú fyrsta er þörfin sem fullorðni námsmaðurinn hefur en hann vill vita hvernig staðið er að námi og hvaða árangri er stefnt að og af hverju. Ef nemendur voru virkjaðir í náminu og tekið tillit til væntinga þeirra um skipulag varð árangur meiri. Fullorðnir hafa líka sterka tilfinningu um sjálfsforræði og gera kröfu um samskipti á milli sín og leiðbeinanda en oft þegar fullorðnir byrja aftur í námi verða oft árekstrar þar. Lífsreynsla hefur áhrif á nám fullorðina. Hún getur reyndar verið jákvæð og þá er það þörfin og námsnálgunin sem er að finna en svo getur hún verið hamlandi þar sem að fyrri reynsla í námi var neikvæð en þá má hugsa um hugtakið að aflæra en það hefur verið notað um það breytingaferli sem þarf að eiga sér stað til að losa um ríkjandi viðhorf og þekkingu til að rýma til fyrir nýrri þekkingu og viðhorfum. Flestir fullorðnir eru mjög fúsir til að læra það sem þeim finnst að muni gagnast þeim í hinu daglega lífi. Oft tengist viðhorf fullorðinna til náms ákveðnum verkefnum eða störfum. Þekking, skilningur, viðhorf og færni eflist ef það er sett í samhengi við þann raunveruleika sem fullorðnir þekkja af eigin raun og eru að fást við. Ekki má svo gleyma ytri og innri hvötunum einsog hærri laun í starfi í kjölfar menntunar og svo aukið sjálfstraust. (Sigrún Jóhannesdóttir, 2004)

Þegar fullorðin einstaklingur ákveður að hefja nám, hvort sem um er að ræða námskeið, námsbraut í menntaskóla, háskólanám eða meistaranám þarf hann að komast af því hvort hann sé vel undirbúin og tilbúin í leikinn til að ná þeim markmiðum sem hann setur sér.

Samkvæmt grundvallaratriðum Malcolm S. Knowels, segir nokkuð til um fullorðin námsmann. Hann þarf að vita af hverju hann vill læra og gagn námsins. Hver er sjálfsmýnd hans, er hann sjálfstæður og ábyrgur. Reynslan er mismunandi og hann þarf að vera tilbúin til að læra. Að þroskast og geta leyst verkefni er eitt af stefnum náms og svo koma ytri og innri hvatirnar sem yfirleitt enda með betri sjálfsmýnd, ánægju í lífi og starfi og jafnvel launahækkun. (Sigrún Jóhannesdóttir, 2004)

Forsendur fullorðins aðila sem heldur í nám

Fullorðnir einstaklingar sem fá þessa löngun og þrá í að fara í nám hugsa ekki alveg úti endann, byrja í raun fullir sjálfstrausti en lenda svo í því að missa tökin og áhugann og gefast því upp. Hann þarf að líta í eigin barm og sjá hversu öruggur hann sé, er sjálfstæði og skipulag nóg til að geta farið í nám á ný? Getur hann unnið með náminu og sinnt hinum daglegu verkum? Er hann tilbúin að breyta hegðun sinni eða viðhorfum? Hann þarf í raun að

læra uppá nýtt eða „aflæra“ gamla siði til að geta tekist á við nýjan veruleika. (Hróbjartur Árnason, 2005).

En fullorðni einstaklingurinn getur í raun skráð sig í hvaða nám sem er án þess að gera sér grein fyrir hversu þungt og erfitt það gæti orðið. Hann þarf að uppfylla ákveðin skilyrði t.d. að vera með stúdentspróf, sveinspróf eða gráðu úr háskóla. Það er ekki kveðið á um það hvort einstaklingurinn sé tilbúin andlega en það mætti bæta því inn í skilyrðin og beina þeim að ræða við námsráðgjafa og kynna sér hvort þörf væri á undirbúningsnámskeiði.

Leiðbeinandinn

Samkvæmt námsvísi Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins (Mímir, 2004a, 2004b, 2004c) er mikilvægt að leiðbeinandinn sé samskiptafærni og nái að tengjast og vinna traust nemandanna. Hann þarf að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í í náminu og markmiðum hans með því. Margar hindranir gerast og verður hann að gera sér grein fyrir þeim algengustu svo sem kvíða og óöryggi og bregðast á viðeigandi þátt við þeim. Það er einnig lögð mikil áhersla á að leiðbeinandi og námsmaður fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Það eru ekki lögð formleg próf heldur á leiðbeinandinn að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir.

Undirbúningsnámskeið

Þegar ég hóf nám mitt í Iðnskólanum vorum við sirka 15 nemendur og á öllum aldri, sá yngsti var 16 ára og ein kona á fertugsaldri. Ég var dálítið hissa og hugsaði með mér hvers vegna kona á fertugsaldri hefði farið í þetta nám. Ég vil taka það fram hér að mér þótti erfitt að hefja nám á ný, aðeins 23 ára gömul og því dáðist ég líka af þessari kraftmiklu konu. Þegar ég gaf mér svo á tal við hana fékk ég svör við því hvers vegna hún ákvað að hefja nám og var það vegna mikilla breytinga í lífi hennar en sú saga var afskaplega sorgleg en það urðu fráföll í fjölskyldu hennar og það var til þess að hún vildi breyta lífi sínu. Hún hafði í þeim tilgangi rætt við námsráðgjafa Iðnsskólans í Reykjavík. Eftir viðtal og spjall þá ráðlagði ráðgjafinn henni að taka prentsmíði og að hans sögn þá myndi það nám henta henni. Það fannst mér frekar undarlegt þar sem að hún hafði varla kveikt á tölvu en það nám snýst um tölvuvinnu. En hún var dugleg og ég var henni mikið innan handar og þegar kom að því að finna samning við vinnustað ætlaði hún ekki að standa í því. Hún var farin að verða neikvæð og óöryggið sem hún hafði verið með nánast allan tímann, magnaðist upp þegar að þessu stigi var komið.

Hún slapp þó ekki við að hætta þar sem að ég sagði henni að hringja á ákveðin stað og hún fékk samning. Ég er ekki í sambandi við hana í dag en hef hugsað til hennar eftir að ég byrjaði í mínu fjarnámi. Ég veit að hún kláraði ekki námið en síðast þegar ég heyrði frá henni var hún komin í undirbúningsnám.

Engin veit hvort hún hefði klárað iðnnámið ef hún hefði byrjað á því að kynna sér og sótt undirbúningsnámskeið. Mér er það mikil forvitni hvers vegna námsráðgjafar veita ekki betri upplýsinga um slík námskeið til fólks sem hefur tekið þá ákvörðun að hefja nám á ný. Það hlýtur að vera gott fyrir sjálfann skólann, námsárangur nemanda skiptir honum miklu máli.

Þegar ég byrjaði þessa ritgerð taldi ég að nánast ekkert framboð væri á slíku námi. Kannski vegna þess að ég hef svo oft að mér finnst, verið í námi með ungum og fullorðnum og þeir eldri voru ekki að ganga sem skyldi. En undirbúningsnámskeið eru í boði. Það þarf að leita að þeim og kynna sér þau. Ég ætla að fara aðeins úti þau nám sem eru í boði hjá hinum ýmsu stofnunum.

Námsflokkar Reykjavíkur

Ég fór og hitti Björgu Árnadóttur, forstöðumann Námsflokka Reykjavíkur. Ég vildi athuga hvort það væri mikið um brottfall hjá Námsflokkunum og ef svo hvers vegna. Hún sagði mér að ekki væri hægt að kenna tölvuvankunnáttuleysis því það er ekki mikið um tölvunám þar. Reyndar er það henni minnstætt að á félagsliðabrot sem kennt var í staðnámi, en í lokin þurfti að kenna tvo áfanga í fjarnámi. Það var erfitt í fyrstu en það kom henni mjög á óvart hversu vel það tókst og gekk vel. Nemendurnir, sem voru einungis konur, stóðu svo vel saman og engin gafst upp. Það vill svo til að móðir mín var í þessum hópi og í fyrstu var hún ekki sátt, varð stressuð en ég hjálpaði henni mikið og heyrði að það gerðu kennararnir og samnemendur hennar líka. Þarna sést hve samskipti milli kennara og samnemenda skiptir miklu máli í námi hjá fullorðnum. Það er búið að myndast vinskapur og nánd á milli þeirra og auðvellt fyrir nemendurna að ná í kennara sinn auglitis til auglitis.

En Námsflokkar Reykjavíkur bjóða uppá undirbúningsnám fyrir þá sem ætla sér að fara í framhaldsskóla. Nám fyrir fullorðin námsmann sem er ekki alveg tilbúin en áhuginn fyrir hendi. Í því er mikil lagt uppúr námstækni en það er talið ein undirstaða velgengni í námi. Þetta undirbúningsnám tel ég vera mjög jákvætt, bæði fyrir nemandann og fyrir þann kennara/leiðbeinanda sem tekur við honum í næsta námi. Í þessu námi er boðið uppá helstu kjarnagreinar efstu bekkja grunnskóla en ekki fyrstu áfangana í framhaldsskóla. Björg sagði

mér að margir sækja þetta undibúningsnám og hafa gengið mjög vel og haldið áfram námi með góðum árangri.

Námsflokkarnir eru einnig með verkefni sem unnið er í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins, Velferðasvið og Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborga sem kallast Kvennasmiðjan og er um endurhæfingu einstæðra mæðra. Þar læra þær stærðfræði, íslensku, ensku og sjálfsstyrkingu og námstækni ásamt því að fara í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur. Þetta námskeið stendur yfir í 18 mánuði og fá þær greitt fyrir að sækja það. Það er kennt í þrjá tíma á dag. Brottfallið í Kvennasmiðjunni veldur Björgu hugarangri. Í október voru 20 konur sem byrjuðu en í dag eru einungis 12 eftir. Brottfall þessara kvenna er hulin gáta fyrir Björgu og þegar ég spurði hana hvort þær væru ekki búnar að fá góða lýsingu á náminu og hvort það væri ekki áhugi til staðar sagði hún að þær sem fara í þetta verkefni eru þær sem eru tilbúnar að mati fagaðila. En brottfall mætti helst rekja til þess að neysla hefst á ný hjá þeim og því ætti að skoða þetta mun betur hvort þær séu í raun tilbúnar. Ég verð að segja að mér finnst þetta svo jákvætt og frábært að þetta standi þeim til boða. (Björg Árnadóttir, munnleg heimild).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins var stofnuð árið 2002 af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Eitt af hlutverkum Fræðslumiðstöðvarinnar er að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði sem hefur litla formlega grunnmenntun. Námsráðgjöf á vinnustað er eitt af fjölmörgum verkefnum hennar, en það er mikilvægt tæki til að aðstoða og hvetja fólk til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði m.a. með námi. Árið 2004 var þetta verkefni verið veitt í 8 fyrirtækjum og um 100 starfsmenn úr 12 fyrirtækjum höfðu farið í einstaklingsviðtöl. Í einstaklingsviðtölunum hefur komið í ljós að margir hafa takmarkaða trú á eigin námsgetu. Námsferfiðleikar í tengslum við lestur, skrif og stærðfræði er algeng meðal fólks sem hefur litla grunnmenntun. Það kom einnig í ljós í þessum viðtölum að flestir vilja læra og eiga sér drauma en vegna ýmissa hindrana hafa þeir lagt þá á hilluna. Fjárhagslegar skuldbindingar og ekki nóg svigrúm til að hefa nám eru meðal hindrana. Í íslensku skólakerfi mætti undibúningsnám fyrir háskólanám vera lánshæft en það myndi virkja mun fleiri fullorðna einstaklinga til að ljúka framhaldsnámi. (Fjóra María Lárusdóttir, 2004)

Fræðslumiðstöðin hefur gert samstarfssamninga við Mími-símenntun og þar er að finna mjög gagnslegar námsleiðir fyrir fullorðin einstakling sem hefur áhuga á að fara í meira nám og ég kynnti mér þau sem í boði eru.

Grunnmenntaskólinn

300 kennslustunda nám og er tilgangurinn að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanns til áframhaldandi náms. Það er lögð áhersla á að námsmaðurinn læri og efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Grunnmenntaskólinn ætlaður fullorðnum einstaklingum sem eru á vinnumarkaðinum og þeim sem eru eldri en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta nám Grunnmenntaskólans til styttingar náms í framhaldsskóla til 24 einingar. Námskráin byggist á eftirfarandi námsþáttum (Mímir, 2004c):

Námsþáttur	Kst.
• Kynning	5
• Sjálfstyrkingu og samskipti	20
• Námsstækni	10
• Framsögn	15
• Íslensku	55
• Tölvur	40
• Enska	40
• Stærðfræði	40
• Verkefnavinna	25
• Þjónusta	10
• Náms- og starfsráðgjöf	15
• Færnimappa	20
• Mat á námi og skólastarfi	5

MFA-skólinn

350 klukkustunda nám og er tilgangurinn hans að veita atvinnulausum sem hafa stutta skólagöngu að baki, nýtt tækifæri til náms. Einnig að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanns

til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu. Hver kennslustund er 40 mínútur og gætt að þeir séu ekki fleiri en 18 nemendur í hóp. Námsþættirnir eru nánast þeir sömu og í Grunnmentaskólanum en þó meira lagt í t.d. verkefnavinnu, tölvur og upplýsingatækni og námstækni. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta nám MFA-skólans til styttingar náms í framhaldsskóla til 27 eininga. (Mímir, 2004b)

Aftur í nám

95 kennslustunda nám og er markmiðið þar að auka hæfni til að starfs og náms og stuðla að jákvæðu viðhorfi og auka sjálfstraust til áframhaldandi náms og að þjálfna nemendur í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis, en hann var einhverfur og lesblindur og fann lausn á lesblindugátunni (Lesblind.com. 2007). Aftur í nám er því meira ætlaður þeim námsmönnum sem glíma við lestrar- og skriftarörðugleika en einnig er farið í sjálfsstyrkingu, íslensku, tölvur og svo eru einkatímar með námsráðgjafa og mat á námskeiði. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta nám Aftur í nám til styttingar náms í framhaldsskóla til 7 eininga. (Mímir, 2004a)

Endurmenntun Háskóla Íslands

Endurmenntunarstofnun býður uppá svo fjölbreytt nám allt frá fuglaskoðun uppí nám sem metið er til 3 eininga til meistaraþrófs. Flestir sem sækja námskeið þar vita nokkurn veginn fyrirfram að hverju þeir ganga. Námið er erfitt og dýrt og nemandi þarf að skuldbinda sig við stofnunina svo fólk hættir ekki eða gefst upp. Ef upp koma önnur vandamál t.d. tengt fjölskylduáðstæðum eða veikindi fær nemandi að fara í biðstöðu með námið sitt. (Kristín Jónsdóttir, munnleg heimild)

Undirbúningsnámskeið er í boði hjá EHÍ. Það kallast „Akademísk vinnubrögð: Undirbúningur fyrir háskólanám“. Það er ætlað þeim sem eru að hefja háskólanám eftir hlé og lögð áhersla á t.d. gagnrýna hugsun, frágang ritgerða, málfar og stíl og glósutækni. (Endurmenntun.is. 2007)

Kennaraháskóli Íslands

Í Kennaraháskóla Íslands stendur margt til boða fyrir þá sem vilja mennta sig sem kennari. Á vefsíðu skólans undir hlekknum „umsækjendur“ er talað um að miklivægt sé að

lesa vel leiðbeiningar áður en umsókn skal fyllt út. Einnig er hægt að hringja eða fá viðtal við námsráðgjafa til að frá frekari upplýsingar. Í inntökuskylirðunum er sagt að kennslan í Kennaraháskólanum fari verulega fram með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni og þaðan hægt að finna fleiri upplýsingar tengt því t.d. hvernig tölvu og net þurfi að hafa til staðar. Þarna er líka hægt að sjá að stúdentum í skólanum þurfi að afla sér þessara undirstaða áður en nám hefst. (khi.is. 2007b) Ég þurfti samt að fara inná síðu kennsluréttindabrautar til að finna þennan texta:

„Þeir nemendur sem ekki búa yfir nægri þekkingu á því sviði þurfa að afla sér hennar sjálfir, áður en námið hefst. Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf KHÍ býður upp á sérhæfð námskeið í tölvunotkun skömmu áður en kennsla hefst.“ (khi.is. 2007a)

Ég fór líka inná hinar brautirnar en sá ekki þennan texta þar.

Lokaorð

Undirbúningsnámskeið eru í boði. Það fer ekki á milli mála en eru þau nógu vel kynnt? eru námsráðgjafar duglegir við að vísa fólki á slík námskeið? Er nóg að hafa á vefforsíðum menntaskóla og háskóla tengil við símenntunar? Ég tel að fullorðin námsmaður sem er á báðum áttum að hefja nám sé ekki að leita í hinu mikla vefhafi af því hvort hann þurfi á undirbúningsnámskeiði að halda. Nemendur þurfa að hafa ákveðin búnað til staðar auk þekkingar og ef hún sé ekki til staðar þá er hægt að sækja námskeið í tölvunotkun hjá Kennaraháskóla Íslands áður en kennsla hefst. En það er bara ekki nóg. Því er ekki líka í boði námskeið í námstækni, skipulagninu og auka sjálfstraust? Ég tel mig vera með þekkinguna til tölvunnar en hinn þáttinn vantar mig, fullorðna námsmanninu. Þessi undirbúningsnámskeið sem ég hef skoðað eru líka miðuð við litla grunnskólamenntun, það var ekki mikið um námskeið fyrir þá sem hafa einhverja grunnmenntun jafnvel stúdentstróf en vantar kraftinn, sjálfstraustið og skipulagningu. Í dag eru líka flest nám kennd í fjarnámi þess þá heldur ættu þeir skólar sem bjóða uppá slík nám að bjóða uppá einhvern undirbúning fyrir fullorðna einstaklingina sem eru að hefja erfitt fjarnám því nándin og samskiptin eru í minna falli en í staðnámi.

Og hvernig á leiðbeinandi að standa sig í að kynnast námsmanni, ná tengingu við hann ef fullorðni námsmaðurinn er í fjarnámi? Miðað við lýsingu á frosendum leiðbeinanda námsins sem í boði er hjá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins (Mímir 2004a, 2004b, 2004c) er það nánast ómögulegt að finna slíka tengingu milli leiðbeinanda og námsmanns. Nemandi í fjarnámi tengjast ekki kennaranum einsog í staðnámi. Smá spjall og hittingur í staðlotum er

ekki nóg fyrir alla og tölvupóstasamskipti geta verið góð en þar fæst engin nánd við kennarann. Nemandi veit hvernig kennanrinn lýtur út, hvernig kennari hann er miða við hitting á staðlotu. En hvað veit leiðbeinandinn um nemandann? Að öllum líkindum býður kennari fram aðstoð sína ef eitthvað kemur uppá en ætli það gerist eins oft miðað við staðnám? Er ekki auðveldara fyrir námsmanninn að gefast hreinlega bara upp án þess að svo mikið sem reyna að ná tengslum við einhvern af þessum fjölmörgu kennurum sem hann er með í fjarnáminu?

Heimildaskrá

- Endurmenntun.is. 2007. Akademísk vinnubrögð: Undirbúningur fyrir háskólanám.
<http://www.endurmenntun.is/Forsida/Ollnamskeid/Nanarunnamskeidid/41H07>. Skoðað
28.04.07.
- Fjóra María Lárusdóttir. 2004. „Þróun ráðgjafar á vinnustöðum“ *Gátt* 1:82-86.
- Hróbjartur Árnason. 2005 „Hvað er svona merkilegt við það ... að vera fullorðin.“ *Gátt* 2:14-
22
- Khi.is. 2007. Kennsluréttindanáms: Tölvunotkun. <http://www.khi.is/kennslurettindabraut>.
Skoðað 30.04.07
- Khi.is. 2007. Leiðbeiningar 2007. <http://www.khi.is/?q=leidbeinum06>. Skoðað 30.04.07
- Lesblind.com. (2007). Hver er Ron Davis?
<http://www.lesblind.is/dislexic/index.cfm?ccs=117&cs=233>. Skoðað 30.04.07.
- Mímir. 2004. *Aftur í Nám: Námskrá*. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Reykjavík.
- Mímir. 2004. *MFA-skóli: Námskrá*. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Reykjavík.
- Mímir. 2004. *Grunnmenntaskóli: Námskrá*. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Reykjavík.
- Sigrún Jóhannesdóttir. 2004. „Finnst fullorðnum líka leikur að læra.“ *Gátt* 1:56-60